

Sp.

## 97. Tillaga til þingsályktunar

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast allt að 2 700 000 kr. lán fyrir h/f Slippfélagið í Reykjavík.

Flm.: Pétur Magnússon.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs allt að 2 700 000 kr. hlutdeildar-skuldabréfalán, er h/f Slippfélagið í Reykjavík hyggst að taka til þess að koma upp slipp í Reykjavík, enda setji það þær tryggingar fyrir láninu, er ríkisstjórnin tekur gildar.

### Greinargerð.

Tillaga þessi er fram borin í því skyni, að auðið verði að koma upp í Reykjavík dráttarbraut og slipp, er tekið geti skip allt að 1500 smál. þunga. Með þeirri miklu aukningu, sem orðin er og verða mun á næstunni á skipastól landsmanna, er mikil nauðsyn á slíku mannvirki. Eins og nú standa sakir, er með öllu ógerlegt að taka hina nýju, stóru togara á land til viðgerðar og raunar mjög vafasamt, hvort unnt er að taka gömlu togarana í slipp. Þarf eigi að lýsa því, hvert fjárhagstjón getur af slíku stafað.

Um rök fyrir tillögunni vísast að öðru leyti til bréfs þess frá h/f Slippfélaginu til sjávarútvegsmálaráðherra, dags. 19. sept. s. l., sem prentað er hér á eftir.

### Fylgiskjal.

Reykjavík, 19. september 1947.

Snemma á árinu 1945 hóf Slippfélagið undirbúning að byggingu nýrra dráttarbrauta fyrir 5—1500 smálesta þung skip. Í júní sama ár skrifaði félagið Nýbyggingarráði og leitaði aðstoðar þess. Seint á árinu 1945 varð kunnugt um togarakaup ríkisstjórnarinnar. Með tilliti til þeirra ákvað Slippfélagið að breyta áætlunum sínum meðal annars með því að stækka brautirnar nokkuð. Í febrúar 1946 skrifaði Slippfélagið Nýbyggingarráði á ný og skýrði frá áætlunum sínum og óskaði aðstoðar ráðsins til að koma dráttarbrautum upp. Skömmu síðar veitti Nýbyggingarráð Slippfélaginu nauðsynleg innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir efni og vélum til byggingar 4 dráttarbrauta fyrir 850—1150 smálesta þung skip. Enn fremur lét það félaginu stuðningi sínum og hvatti það mjög til að hefja framkvæmdir.

Í maí 1946 lofaði Landsbanki Íslands félaginu 1200 þús. króna bráðabirgðaláni gegn vissum skilyrðum. Í því trausti, að lán myndi á sínum tíma fást úr stofnlána-deild sjávarútvegsins, ákvað Slippfélagið að hefja þá þegar byggingu dráttarbrautanna og samþykkti tilboð, er þá lá fyrir frá enskri verksmiðju í smíði á dráttarbrautum.

Með bréfi 23. des. 1946 ákvað Nýbyggingarráð Slippfélaginu lán úr stofnlána-deild að upphæð kr. 1900 þús. Var lánsupphæð þessi miðuð við kostnaðaráætlun, er gerð var í apríl 1946. Kostnaðurinn við byggingu dráttarbrautanna var þá áætlaður kr. 3 100 000.00. Það hefur komið í ljós, að áætlun þessi er nú of lág. Samkvæmt áætlun, er nýlega hefur verið gerð, kosta dráttarbrautirnar a. m. k. kr. 4 400 000.00. Hækkunin frá áætluninni í apríl 1946 stafar aðallega af eftirgreindum ástæðum:

1. Hækkun á tilboðinu frá Englandi og öðru efni þaðan vegna hækkaðs kaupgjalds þar o. fl.
2. Hækkun á kaupgjaldi hér vegna hækkaðs grunnkaups og hækkaðrar vísitölu.
3. Hækkun á tollum. Mun hækkunin nema allt að 180—200 þúsund krónum.
4. Brautirnar eru gerðar fyrir nokkuð þyngri skip. Aðalbraut er gerð fyrir allt að 1500 smálesta þung skip og 3 brautir fyrir 900 smálesta þung skip.

Byggingu dráttarbrautanna er nú svo komið:

Byggingu undirstaða aðalbrautar neðan sjómáls er að mestu lokið. Getur verið lokið í byrjun næsta mánaðar.

Búið að steypa nokkuð af undirstöðum aðalbrautar og hliðarbrauta.

Allar vélar, vindur, vagnar, brautarteinar o. fl. er þegar komið til landsins, að undanskildum 4 vögnum af 20, sem væntanlegir eru í byrjun næsta mánaðar, og hliðarfærsluvindu, sem tilbúin er í næsta mánuði.

Fyrir efni þetta er þegar greitt £ 52.000.0.0 en ógreitt er um 9.000.0.0. Annað útlent efni, sem er ógreitt, er sement, steypustyrktarjárn og lítills háttar af timbri.

Til þessara framkvæmda hefur Slippfélagið fengið 1200 þús. kr. vixillán í Landsbanka Íslands, og var áætlunin að greiða það, er lán fengist úr stofnlána-deild.

Landsbankinn hefur neitað um frekari lán, og aðrar lánsstofnanir, sem leitað hefur verið til, ekki talið sér fært að veita lán.

Nú er svo komið, að félagið hefur bundið allt rekstrarfé sitt og meira til í dráttarbrautum og notað upp 1200 þús. kr. lán Landsbankans. Ef ekki fæst nú þegar viðbótarlán, stöðvast bygging dráttarbrautanna um ófyrirsjáanlegan tíma. Hins vegar, ef nægilegt lánsfé fengist, gæti brautum verið lokið á þessu hausti. Til þess að

fullgera brautirnar nú áætlum vér, að þurfi um kr. 2 000 000. Er þá gert ráð fyrir, að lán Landsbankans standi og félagið leggi fram sjálft um kr. 1 200 000.00.

Með tilvísun til viðtals við hæstvirtan ráðherra leyfum vér oss að fara fram á stuðning hæstvitrar ríkisstjórnar til útvegunar nauðsynlegs lánsfjár, sem samkvæmt því, sem fyrr greinir, þarf að vera um kr. 2 000 000.00. Vegna rekstrarafkomu dráttarbrautanna, er byggt var á, er ráðizt var í framkvæmdir, er félaginu nauðsynlegt að fá fast lán með kjörum stofnlánadeildar, enda hefði félagið aldrei séð sér fært að ráðast í þessar framkvæmdir, ef ekki hefði legið fyrir loforð um lán úr stofnlánadeildinni allt að 60% af kostnaðarverði.

Að síðustu viljum við minna á, hvernig ástandið er nú með að taka skip á land hér til viðgerða. Slippfélagið byggði 1932 2 dráttarbrautir. Voru þær gerðar fyrir 500 og 800 smálesta þung skip og á stærri brautina var hægt að taka gömlu togarana fullhlaðna. Brautir þessar eru nú mjög úr sér gengnar, og s. l. 2 ár hefur vélaeftirlit ríkisins lagt svo fyrir, að ekki mætti taka upp þyngri skip á stærri brautina en 550 smál. og léttari skip á hina. Leyfi þetta er nú útrunnið og mjög óvist, að það fáiast framlengt, enda teljum vér nú áhættu að taka svo þung skip á þær. Teljum vér fullvíst, að brautir þessar dæmist nú ónothæfar til að taka upp minnstu togarana, sem eru 400—550 smálestir á þyngd tómir.

Hér eru nú:

25 skip	400— 600 smál. á þyngd.
20 —	700— 900 — — —
3 —	1000—1500 — — —

Samtals 48 skip.

Væntanleg til landsins næstu mánuði:

4 skip	400— 600 smál. á þyngd.
24 —	800— 900 — — —
2 —	1000—1500 — — —

Samtals 30 skip.

Af þessum 78 skipum er með engu móti hægt að taka á land nú 55 skip og óvist með hin 23.

Virðingarfyllt,

Til sjávarútvegsmálaráðherra, Reykjavík.